


Hallá á Skaga 1994

Tumi Tómasson

Hólum, júlí 1994

VMST/N- 94009



Veiðimálastofnun

Norðurlandsdeild

Fiskeldi - Fiskrækt - Rannsóknir - Ráðgjöf

Hólum í Hjaltadal

551 Sauðárkrókur

Sími: 95-36599

Fax: 95-36672

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

ATHUGUN Á SEIDASTOFNUM HALLÁR 1994.

INNGANGUR.

Þann 11. júlí 1994 var gerð athugun á útbreiðslu, þéttleika, aldri og stærð seiða í Hallá á Skaga. Slík könnun var áður gerð á svipuðum tíma sumars 1987. (Tumi Tómasson, 1988)

Veiði í ánni á undanförnum árum hefur verið lítil miðað við fyrri tíð og í sumar eru áform uppi um að sleppa í ána laxaseiðum, jafnt gönguseiðum sem smáseiðum. Til að smáseiðasleppingar geti skilað árangri verður að sleppa seiðum á heppileg búsvæði þar sem uppeldisskilyrði eru vannýtt. Þótt nokkrir fossar séu í Hallá er hún laxgeng allt upp í fjall. Því er nauðsynlegt að athuga sérstaklega dreifingu seiða í árkerfinu áður en ákvarðanir um sleppingar smáseiða eru teknar.

ADFERDIR.

Áin hefur áður verið athuguð með tilliti til uppeldisskilyrða fyrir laxaseiði og voru rafveiðistaðir valdir með hliðsjón af því. Alls var veitt á sjö stöðum og var stærð veiðisvæða á bilinu frá 250m² til 720m². Guðmundur bóndi á Vindhæli var til leiðsagnar þegar farið var fram á dal. Öll veidd seiði voru lengdarmæld og sýni til aldursgreiningar tekin af nokkrum seiðum, en að öðru leiti var stuðst við lengdardreifingu seiða til ákvörðunar á aldri.

NIÐURSTÖÐUR.

Rafveiðistaðirnir sjö eru merktir inn á uppdrátt af ánni (Mynd 1) og niðurstöður rafveiða teknar saman í Töflu 1 og Myndum 2 og 3.

Í neðri hluta árinna veiddust einungis laxaseiði, en ofar veiddust einnig urriðaseiði. Einn fullorðinn urriði, 40 cm langur, veiddist á stað 2. Seiðapéttleiki var almennt mjög lágur, einkum þegar komið er niður fyrir Kjalland. Laxaseiði á öðru ári (1+, úr hrygningu 1992, klak 1993) veiddust á öllum stöðum utan efsta staðnum, milli Þverár

og Bergsstaða (Mynd 3). Lítil stærðarmunur er á þessum seiðum eftir veiðistað, en þó má sjá að þau fara heldur stækkandi eftir því sem neðar dregur í ánni.

Útbreiðsla tveggja ára seiða (2+) var mun takmarkaðri og nær einskorðaðist við efstu staðina. Þriggja ára seiði veiddust um alla á, en hvergi í miklu magni. Á neðsta staðnum veiddust tvö eldisgönguseiði. Þau litu vel út. Vörgömul seiði fundust hvergi, en á þessum tíma hafa þau náð lítilli útbreiðslu frá hrygningarstað og því ekki hægt að gera sér grein fyrir styrkleika þess árgangs nú.

Öll urriðaseiði sem veiddust voru eins árs (Mynd 2). Fullorðni urriðinn var kynþroska hængur og reyndist vera á fjórtánda aldursári. Hann var með um 11 cm hálfmelt laxaseiði í maga, auk lítilsháttar magns af skordýrum.

UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR.

Þéttleiki seiða í ánni nú er miklum mun minni en var þegar áin var könnuð 1987. Seiði á öðru og þriðja ári (1+ og 2+) eru einnig mun smærri nú, en þessir þættir eru að líkindum tengdir að vissu marki.

Smæð yngstu seiðanna má rekja til óhagstæðs tíðarfars sumrin 1992 og 1993, en þessi sumur voru bæði með kaldasta móti. Í köldum sumrum er klak seint á ferðinni og vöxtur smárra seiða mjög hægur. Eftir því sem seiðin stækka og dafna, því minni áhrif hefur vatnskuldi á hæfileika þeirra til að nýta sér fæðuna í ánni til vaxtar. Það fylgir einnig að seiði sem eru smá og vaxa hægt eiga erfitt uppdráttar, og afföll af völdum afráns og annarra náttúrulegra orsaka eru há. Árgangar sem klekjast út í köldum sumrum verða því oft fáliðaðir.

Niðurstöður athugunarinnar staðfesta einnig í öllum aðalatriðum meginniðurstöðurnar frá 1987. Lax virðist alla jafna ekki ganga lengra fram ána til hrygningar en fram að Bergsstöðum. Seiði sem klekjast út í ánni ganga hinsvegar almennt upp ána eftir því sem þau eldast og stækka. Þegar árgangar eru jafn smáir og nú má þó gera ráð fyrir að uppeldisskilyrði í ánni framan Þverár séu ekki fullnýtt. Eins og nú er ástatt væri til bóta að sleppa sumaröldum laxaseiðum í ána fyrir framan Þverá, en mikilvægt er að dreifa þeim vel. Æskilegt væri að sleppa um einu seiði á hvern lengdarmetra árinna, alls um 2000 seiðum á þetta svæði.

Svæðið frá fossinum fyrir ofan Kjalland og fram að Bergsstöðum er í sæmilegri nýtingu. Neðst, þar sem áin er grýtt, eru skilyrði fyrir uppvaxandi laxaseiði góð. Ofar er víðast malarbotn í ánni og þar leita stærstu laxaseiðin í hyljina. Á þessu svæði er dálítið um urriða, og halda fullorðnu urriðarnir til í hyljunum. Það má gera ráð fyrir að þeir nærast að töluverðu leiti á seiðum, og þá einkum stærstu laxaseiðunum þegar þau leita í hyljina.

Urriðinn er mjög gráðugur fiskur og auðveiddur. Það er að líkindum ástæða þess að hann finnst vart neðan til í ánni, þar sem veiðiálagið er hvað mest. Það væri mjög til bóta að gert yrði átak í að veiða fullorðinn urriða framan til í ánni, og væri líklegast auðveldast að ná honum á maðk með því að láta flotholt og öngul reka vel á undan sér niður hyljina, þannig að ekki komist styggð að urriðanum.

Frá fossinum við Kjalland og niður að fossinum sem er við túnfótinn á Vindhæli eru uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði mjög góð, en á þessu svæði fannst mjög lítið af laxaseiðum. Neðri fossinn kemur í veg fyrir að seiði geti gengið inn á svæðið neðan frá og laxaseiði hafa almennt litla tilhneigingu til að dreifast undan straumi. Þarna veiddust einungis þrjú ársögömúl seiði (1+) og hafa þau líklega komið ofan frá. Það er ólíklegt að lax hafi hrygnt á þessum kafla á undanförunum árum. Ég tel að slepping smáseiða nú í sumar yrði mjög til bóta og þá væri best að sleppa um tveimur seiðum á hvern lengdarmetra, einu við hvorn bakka. Alls mætti því sleppa þarna um 2500-3000 smáseiðum.

Neðan við neðsta fossinn er seiðabéttleiki heldur ekki mikill, en þar hefur þó komist upp klak sumarið 1993. Ég tel því ekki ástæðu til að sleppa seiðum á þetta svæði nú.

Gönguseiðasleppingar eru algengar til að auka laxgengd. Þær eru besti kosturinn þegar uppeldisskilyrði árinna hafa verið fullnýtt. Árangur slíkra sleppinga er þó ærið misjafn og oftast eru heimtur innan við 2%, jafnvel þar sem vel er að þeim staðið. Til að tryggja sem bestar heimtur er mikilvægt er að útbúa sleppitjörn þar sem seiðin eru fóðruð í nokkra daga á meðan þau eru að jafna sig eftir flutninginn og venjast nýju umhverfi, áður en þeim er veitt frjáls för um ána. Dreifing endurheimtra laxa í ánni fer mikið eftir sleppistað.

LOKAORD.

Hallá er frjósöm á sem hentar vel laxi. Flest bendir til að neðsti hluti árinna, frá Kjallandi og niður að ósi, sé ofveiddur. Þarna eru hvað bestu uppeldisskilyrðin í ánni fyrir laxaseiði og því ekki að vænta að laxveiði batni til muna fyrr en þau nýtast betur. Seiðasleppingar á slík svæði geta bjargað miklu, en til lengri tíma lítið verður að reyna að tryggja hrygningu á svæðinu. Það væri athugandi að stytta veiðitímann á þessu svæði, t.d. að hætta veiðum þar 1. september í ár og á næsta ári. Slíka ákvörðun mætti síðan endurskoða í ljósi þess hvernig seiðabúskapur þróast í kjölfarið.

Veiðiálag framan til í ánni er mun minna en á neðsta kaflanum, sem sést bæði á útbreiðslu og aldursdreifingu laxaseiða og urriða þar. Það væri til bóta að fækka stórum urriða á þessu svæði.


Gönguseiðasleppingar eru tiltölulega dýr ræktunarkostur. Það er því ástæða til að leggja aukna áherslu á að nýta betur uppeldisskilyrðin í ánni með sleppingum smáseiða og með stjórnun veiðiálags til að tryggja sem jafnasta hrygningu í ánni.

HEIMILDIR.


Tumi Tómasson, 1988. Athugun á Hallá 1987. Skýrsla Veiðimálastofnun, VMST-N/88012X

Tafla 1: Fjöldi veiddra laxa- og urriðaseiða í Hallá þann 11. júlí 1994.


Staður nr	Stærð m ²	fjöldi veiddra laxaseiða á 100m ²				Urriði 1+
		1+	2+	3+	eldisgs	
1	80x4	-	0.9	2.2	-	0.3
2	80x4	1.3	2.5	0.6	-	4.4
3	50x5	4.0	-	0.4	-	0.4
4	40x12	5.2	-	1.3	-	-
5	40x10	0.3	-	0.8	-	-
6	50x10	0.4	-	0.2	-	-
7	60x12	3.1	0.3	0.1	0.3	-



Mynd 1: Rafveiðistaðir í Hallá 11. júlí 1994.



Mynd 2: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðasciða í Hallá 11. júlí 1994.



Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxasciða í Hallá 11. júlí 1994.